

Nd.

610. Nefndarálit

[100. mál]

um frv. til l. um kaupstaðarréttindi til handa Dalvíkurkaupþúni.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt málið á mörgum fundum og sent það til umsagnar dómsmálaráðuneytisins og réttarfarsnefndar.

Einnig hefur nefndinni borist frv. um kaupstaðarréttindi fyrir Seltjarnarnes-
hrepp og Bolungarvíkurkaupþún, og flutt hafa verið í efri deild frv. um kaupstaðar-
réttindi til handa Grindavíkurhreppi og Eskifjarðarhreppi.

Urðu nefndarmenn sammála um, að nokkuð viðurhlutamikið væri að stofna til
nýrra bæjarfógetaembætta við stofnun kaupstaða í öllum þessum sveitarfélögum,
ekki síst þar sem sýnt þykir, að fleiri munu á eftir koma.

Í sömu átt hnigu einnig álitserðir dómsmálaráðuneytis og réttarfarsnefndar.

Að þessu athuguðu leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt með svo-
hljóðandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. í stað orðanna „í alþingiskjördæmi Norðurlands eystra“ komi: í Norð-
urlandskjördæmi eystra.
2. 2. gr. orðist svo:
Sýslumaður Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógeti Akureyrar skal jafnframt vera
bæjarfógeti kaupstaðarins.
3. 3. gr. falli niður.
4. 6. gr. (verður 5. gr.) orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.
5. Aftan við frv. komi svo hljóðandi ákvæði til bráðabirgða:
Þar til bæjarstjórnarkosningar hafa farið fram síðasta sunnudag í maí
1974, skal núverandi hreppsnefnd fara með stjórn kaupstaðarins.
GPG var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 28. mars 1974.

Hannibal Valdimarsson,
form.

Garðar Sigurðsson,
fundaskr.

Stefán Valgeirsson,
frsm.

Ólafur G. Einarsson,

Gunnar Thoroddsen.

Ágúst Þorvaldsson.